

Góðan daginn

Sendi hér eftirfarandi umsögn:

Bæjarráð Fljótshéraðs mælir eindregið með að frumvarp til laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (breyting á A-deild sjóðsins) verði samþykkt. Þar sem umsagnartími um frumvarpið er aðeins rúmur sólarhringur, hefur þó ekki gefist færi á að fara gaumgæfilega yfir það. Engu að síður er bæjarráð sammála meginefni frumvarpsins, eins og það liggur hér fyrir, en vísar að öðru leyti til umsagnar Sambands sveitarfélaga um það.

Með kveðju

Stefán Bragason